



Eftirtaldir hafa hlotið tilnefningu í kjöri íþróttakonu og íþróttakarls Árborgar 2021

Íþróttakona Árborgar 2021

1. Áslaug Dóra Sigurbjörnsdóttir	knattspyrna
2. Bergrós Björnsdóttir	lyftingar
3. Dagný María Pétursdóttir	taekwondo
4. Eva María Baldursdóttir	frjálsar íþróttir
5. Glódís Rún Sigurðardóttir	hestaíþróttir
6. Heiðrún Anna Hlynisdóttir	golf
7. Karólína Helga Jóhannsdóttir	fimleikar
8. Sigríður Sigurjónsdóttir	íþróttir fatlaðra
9. Tinna Sigurrós Traustadóttir	handknattleikur

Íþróttakarlar Árborgar 2021

1. Alexander Adam Kuc	mótocross
2. Arnar Breki Grettisson	skák
3. Arnór Bjarki Eyþórsson	körfuknattleikur
4. Aron Emil Gunnarsson	golf
5. Árni Bárðarson	íþróttir fatlaðra
6. Bjarki Breiðfjörð	lyftingar
7. Björn Jóel Björgvinsson	taekwondo
8. Dagur Jósefsson	knattspyrna
9. Daníel Breki Elvarsson	frjálsar íþróttir
10. Egill Blöndal	júdó
11. Haukur Ingi Gunnarsson	knattspyrna
12. Hákon Þór Svavarsson	skotíþróttir
13. Hergeir Grímsson	handknattleikur
14. Sigursteinn Sumarliðason	hestaíþróttir
15. Skúli Kristjánsson	akstursíþróttir
16. Ævar Kári Eyþórsson	fimleikar



Tilnefning til íþróttakonu Árborgar 2021

Nafn: Áslaug Dóra Sigurbjörnsdóttir

Félag: Selfoss

Deild: Knattspyrnudeild Selfoss



Íþróttarárangur á árinu 2021:

Knattspyrnukona Selfoss árið 2021 er Áslaug Dóra Sigurbjörnsdóttir. Hún var ein af lykill leikmönnum meistaraflokksliðs kvenna, Þrátt fyrir ungan aldur er Áslaug orðin einn leikreyndasti leikmaður kvennaliðs Selfoss.

Landsliðsárangur á árinu 2021:

Áslaug Dóra hefur verið atkvæðamikil með landsliðum Íslands. Áslaug Dóra var fyrirliði U19 ára liðs Íslands sem endaði í þriðja sæti í sínum riðli í undankeppni EM 21/22. Áslaug lék alla leiki liðsins í keppninni. Áslaug hefur leikið 21 landsleik fyrir hönd Íslands og skorað í þeim eitt mark.

Önnur störf innan félagsins eða í þágu íþróttarinnar og/eða samfélagsins:

Áslaug Dóra er í dag ein mesta fyrirmynd í fótboltanum á Selfossi, hún sýnir og sannar að Selfoss er góður staður til að vera á og að hér sé aðstaða með því besta sem gerist á landsvísu. Hún hefur ávallt verið félagi sínu til sóma innan sem utan vallar.

Annað sem mætti koma fram um viðkomandi:

Stuttur texti um viðkomandi íþróttamann sem birtist opinberlega ásamt mynd (hámark 40 orð):

Áslaug Dóra Sigurbjörnsdóttir er ein af lykill leikmönnum meistaraflokksliðs kvenna, Þrátt fyrir ungan aldur er Áslaug orðin einn leikreyndasti leikmaður kvennaliðs Selfoss. Áslaug Dóra hefur verið atkvæðamikil með landsliðum Íslands. Á þessu ári var hún fyrirliði U19 ára liðs kvenna sem endaði í þriðja sæti í sínum riðli í undankeppni EM 21/22



Tilnefning til íþróttakonu Árborgar 2021

Nafn: Bergrós Björnsdóttir

Félag: UMFS

Deild: Ólympískar lyftingar



Íþróttarárangur á árinu 2021:

Bergrós hefur bætt sig ótrúlega mikið sl. ár eða 37 kg í samanlögðum árangri í snörun og jafnhendingu. Hún tryggði sér sæti inná evrópu og heimsmeistaramót í ólympískum lyftingum.

Landsliðsárangur á árinu 2021:

Hún landaði 2. sætinu á Norðurlandamóti í ólympískum lyftingum. Hennar besta frammistaða á móti eru 80 kg í snörun og 97 kg í jafnhendingu sem gerir 177 kg í samanlagðri þyngd.

Önnur störf innan félagsins eða í þágu íþróttarinnar og/eða samfélagsins:

Annað sem mætti koma fram um viðkomandi:

Æfði og keppti í motocross og handbolta í nokkur og vakti mikla athygli þar. Nú æfir hún Ólympískar lyftingart og crossfit af fullum krafti og er þar í fremstu röð.

Stuttur texti um viðkomandi íþróttamann sem birtist opinberlega ásamt mynd (hámark 40 orð):

Bergrós er gríðarlega öflug, ein sú efnilegasta á landinu í olympískum lyftingum og crossfit. Aðeins 14 ára landaði hún 2. sætinu eftir harða baráttu á Norðurlandamóti í ólympískum lyftingum í -71kg U-17 ára. Í dag á hún öll Íslandsmetinn í 64 og 71 kg flokkum U15 og hefur nú þegar tryggt sér sæti inná Evrópu og heimsmeistaramót í ólympískum lyftingum.



Tilnefning til íþróttakonu Árborgar 2021

Nafn: Dagný María Pétursdóttir

Félag: , UMF Selfoss

Deild: Taekwondo deild



Íþróttarárangur á árinu 2021:

Íslandsmeistarmót í bardaga 3 sæti

Landsliðsárangur á árinu 2021

Var í landsliðinu. Enn það var engin sendur á mót erlendis vegna Covid 19 og deilna vegna landsliðsþjálfara í Bardaga við stjórn Taekwondo Sambands Íslands.

Önnur störf innan félagsins eða í þágu íþróttarinnar og/eða samfélagsins:

Dagný er mjög dugleg að hjálpa til við þjálfun hjá deildinni og tekur virkan þátt í starfi deildarinnar

Annað sem mætti koma fram um viðkomandi:

Þegar Dagný María var í Mjólkurfræðisnámi í Danmörku var hún að æfa reglulega hjá fyrrverandi Landsliðþjálfara Íslands . Á þeim tíma var hann starfandi landsliðþjálfari og tók þátt í æfingamótum þar

Stuttur texti um viðkomandi íþróttamann sem birtist opinberlega ásamt mynd (hámark 40 orð):

Það er frábært fyrir deildina, að eiga svona frábæra Íþróttakonu eins og Dagnýju Maríu. Hún mætir á allar æfingar og æfingarbúðir sem deildin tekur þátt í . Verður örugglega valin í Landsliðið , þegar þau mál verða komin í lag aftur. Hún er ein af fimm bestu bardagakonum Íslands



Tilnefning til íþróttakonu Árborgar 2021

Nafn: Eva María Baldursdóttir

Félag: UMF Selfoss

Deild: Frjálsíþróttadeild



Íþróttarárangur á árinu 2021:

7.2.2021: Reykjavík International games:

Eva María sigraði hástökk kvenna á RIG. Hún bætti sinn persónulega árangur innanhúss um 2cm þegar hún stökk 1,78m, var þetta stökk jafnframt það hæðsta sem íslensk kona stökk árið 2021 bæði utan- og innanhúss.

26.2.2021: Meistaramót Íslands 15-22 ára innanhúss:

Eva María varð íslandsmeistari í hástökki stúlkna 18-19 ára með stökk uppá 1,76m.

13.3.2021: Meistaramót Íslands:

Eva María hafnaði í 3.sæti í hástökki á MÍ-fullorðinna eftir jafna og spennandi keppni.

21.3 2021 Stórmót ÍR:

Eva María sigraði hástökkið á stórmótinu þar sem hún stökk 1,70m

12.6 2021 Meistaramót Íslands Utanhúss:

Eva María varð íslandsmeistari fullorðinna utanhúss með því að vippra sér yfir 1.65m við vægast sagt slæmar aðstæður en það var 4° og slydda en Eva María gerði það sem þurfti til að bera sigur úr bitum.

3.7 2021 Meistaramót Íslands 15-22 ára utanhúss:

Eva María stökk yfir 1,62m til að tryggja sér Íslandsmeistaratitlinn í flokki 18-19 ára.

Landsliðsárangur á árinu 2021:

19.6.2021 Evrópubíkarkeppni landsliða í Búlgaríu.

Eva María var valin til að keppa fyrir Íslands hönd í hástökki á Evrópubíkarkeppni landsliða. Hún stökk yfir 1,69m og hafnaði í 8.sæti sem er frábær árangur hjá henni.

17.7.2021 Evrópumeistaramót U-20 í Tallin

Eva María náði lágmarki til að keppa á Evrópumeistaramótinu (U-20) í hástökki. Hún náði sér ekki á strik á mótinu og náði ekki inn í úrslitin

Önnur störf innan félagsins eða í þágu íþróttarinnar og/eða samfélagsins:

Eva María er jákvæð að upplagi og er ávallt tilbúin að leggja sitt af mörkum í þágu deildarinnar við hvaðeina sem fellur til. Hún hefur verið öflug í því að leiðbeina yngri kynslóðinni og verið í starfi þjálfara hjá deildinni í nokkur ár. Ómetanlegt þegar afreksmenn deildarinnar láta gott af sér leiða til þeirra yngri og eru þeim góð fyrirmynd

Annað sem mætti koma fram um viðkomandi:

Það sem einkennir Evu Maríu er hversu dugleg hún er að æfa og keppa í gegnum meiðsli eða mótlæti . Hún lætur ekkert aftra sér því hún veit hvað hún vill og veit að hlutirnir gerast ekki að sjálfum sér. Hún er ein efnilegasta frjálsíþróttakona landsins og er hún komin á stall með bestu stökkvurum Norðurlanda í sínum aldursflokki. Eva Maria er í Stórmótahópi FRÍ sem er skipaður efnilegustu frjálsíþróttamönnum landsins.

Stuttur texti um viðkomandi íþróttamann sem birtist opinberlega ásamt mynd (hámark 40 orð):

Eva María er með besta afrek ársins 2020 í hástökki. Hún er í stórmótahópi FRÍ og hefur verið að ná lágmarkum á flest stórmótin. Hún er í landsliði Íslands í fullorðinsflokki í hástökki þar sem hún hefur staðið sig vel. Hún er Íslandsmeistari í hástökki í sinum flokki innan- og utanhúss og innanhúss í fullorðinsflokki.



Tilnefning til íþróttakonu Árborgar 2021

Nafn: Glódís Rún Sigurðardóttir

Félag: Sleipnir

Deild: hestaíþróttir



Íþróttarárangur á árinu 2021:

Knapi ársins hjá Sleipni 2021 er Glódís Rún Sigurðardóttir, hún er jafnframt íþróttaknapi Sleipnis en á árinu er hún fjórfaldur Íslandsmeistari, þrjá Íslandsmeistaratitla vann hún á Glymjanda frá Íbishóli þ.e. fjórgangi, slaktaumatölt og samanlögðum fjórgangsgreinum. Hún er Íslandsmeistari í 150 m. skeiði á Blikku frá Þóroddsstöðum. Þrefaldur sigurvegari á Reykjavíkurmestaramóti meðal annars í fjórgangi, slaktaumatölti og samanlögðum fjórgangsgreinum. Hún hlaut 8,13 í forkeppni slaktaumatölti sem er mjög sjaldgæft að gerist í yngri flokkum. Ásamt því að vera í úrslitum í öllum öðrum greinum sem hún tók þátt í.

Þrátt fyrir ungan aldur býr Glódís Rún yfir mikilli keppnisreynslu og er einn sigursælasti knapi landssins í yngri flokkum með 35---- Íslandsmeistaratitla og 3 Landsmótstitla.

Íþróttaknapi ársins hjá Sleipni

Knapi ársins hjá Sleipni

Íslandsmeistari í fjórgangi

Íslandsmeistari í slaktaumatölti

Íslandsmeistari í samanlögðum fjórgangsgreinum

Íslandsmeistari í 150 m skeiði

Þrefaldur sigurvegari á Reykjavíkurmóti

Landsliðsárangur á árinu 2021:

Glódís Rún er í landsliðshópi U21 hjá Landssambandi hestamanna og hefur verið með fast sæti þar frá því hún hafði aldur til.

Hún hefur keppt á Norðurlanda- og Heimsmeistaramótum með frábærum árangri en Heimsmeistaramótinu sem átti að vera 2021 var aflýst vegna Covid19.

Önnur störf innan félagsins eða í þágu íþróttarinnar og/eða samfélagsins:

Glódís Rún er ein mesta fyrirmynd hjá Hestamannafélaginu Sleipni og einnig á landsvísu, hún hefur kennt á reiðnámskeiði hjá Sleipni auk þess að vera með fyrirlestur fyrir yngri knapa og knapa úr félagshesthúsi Sleipnis um markmiðasetningu og hvernig hún, sem afreksknapi byggir upp sína hesta og sig sjálfa fyrir keppnistímabilið.

Annað sem mætti koma fram um viðkomandi:

Glódís Rún er fyrirmynd innan vallar sem utan og nálgast sín verkefni með jákvæðni og hugarfari afreksknapa og er Hestamannafélaginu Sleipni til mikils sóma.

Stuttur texti um viðkomandi íþróttamann sem birtist opinberlega ásamt mynd:

Glódís Rún er fjórfaldur Íslandsmeistari auk þess að vera í úrslitum og í efstu sætum á öllum stærstu mótum ársins. Þrátt fyrir ungan aldur er hún einn sigursælasti knapi sem Sleipnir hefur átt. Hún hefur átt fast sæti í U21 frá því hún hafði aldur til. Hún er knapi ársins og íþróttknapi Sleipnis árið 2021 og er Sleipni til mikils sóma innan vallar sem utan með íþróttamannslegri framkomu í hvívetna.



Tilnefning til íþróttakonunar Árborgar 2021

Nafn: Heiðrún Anna Hlynsdóttir

Félag: Golfklúbbur Selfoss

Deild: GOLF



Íþróttarárangur á árinu 2021:

- Endaði í þriðja sæti á Íslandsmóttinu í golfi 2021.
- Topp 10 á öllum mótum GSÍ mótaráðarinnar á þessu ári.
- Topp 10 á tveimur sterkum mótum í 1.deild NCAA, háskóladeildinni í USA.
- Ein af fimm efstu íslenskum kvenna á Heimslista Áhugamanna í golfi.

Landsliðsárangur á árinu:

- Spilaði á Evrópumótti kvenna í Norður-Írlandi með A-landsliði Íslands.
- Valin í A-landsliðshóp Íslands fyrir árið 2022

Önnur störf innan félagsins eða í þágu íþróttarinnar og/eða samfélagsins:

- Besti árangur golfklúbbs Selfoss í kvennaflokki á Íslandsmóttinu í golfi.

Stuttur texti um viðkomandi íþróttamann sem birtist opinberlega ásamt mynd :

Heiðrún spilaði á Evrópumótti kvenna með A-landsliði Íslands og er ein af fimm efstu íslenskum kvenna á Heimslista Áhugamanna í golfi. Hún endaði í 3.sæti á Íslandsmóttinu í golfi sem er besti árangur Golfklúbbs Selfoss í kvennaflokki. Topp 10 á öllum mótum GSÍ og á tveimur sterkum háskólamótum.




Tilnefning til íþróttakonu Árborgar 2021

Nafn: Karólína Helga Jóhannsdóttir

Félag: Selfoss

Deild: Fimleikadeild



Íþróttarárangur á árinu 2021:

- 2. sæti með 1. flokk kvenna á GK-mótinu
- 3. Sæti með 1. flokk kvenna á Íslandsmóti
- Bikarmeistari í 1. flokk kvenna

Landsliðsárangur á árinu 2021:

Landsliðskona í unglingalandsliði Íslands fyrir Evrópumót 2021 í Portúgal

Önnur störf innan félagsins eða í þágu íþróttarinnar og/eða samfélagsins:

Landsliðskona í hópfimleikum

Annað sem mætti koma fram um viðkomandi:

Stuttur texti um viðkomandi íþróttamann sem birtist opinberlega ásamt mynd (hámark 40 orð):

Karólína er fædd 2005 og hefur æft fimleika hjá deildinni frá unga aldri og kemur af mikilli fimleikafjölskyldu. Hún hefur verið lykilmanneskja í sínu liði frá því hún steig fyrst á keppnisgólfið. Hún er hógvær, metnaðarfull og samviskusöm. Hún er ein fremsta fimleikakona landsins í dag og keppir fyrir Íslands hönd á EM.



Tilnefning til íþróttakonu Árborgar 2021

Nafn: Sigríður Sigurjónsdóttir

Félag: , Íþróttafélagið Suðri

Deild:



Íþróttarárangur á árinu 2021:

Kastmót Breiðarbliks: Kúla 6,57 annað sæti

Íslandsmeistaramót Inni: Kúlvarp 7.50 persónuleg met

Innanfélagsmót Ármanns. Kúla 6.69 .2 sæti Kringla 15,41 4.sæti. Sleggja 17,60.3 .sæti

Mótaröð FH: kringlukast: 16,44 3.sæti.sleggja.16,44 .3.sæti

Íslandsmót úti: sleggja.17,86 .1.sæti í sínum flokk og 3.sæti í kringlu

Vormót HSK Kúla 6,86 .2.sæti

Stórmót ÍR kúla 6,74 .3 .sæti

Landsliðsárangur á árinu 2021:

Svo er það rúsinan í pylsuendanum: Íslandsmet í réttstöðulyftu 140 kg. á alþjóðlegu aflraunamóti sem var haldið í Keflavík. Sigríður hafnaði þar í öðru sæti sem sterkasta fatlaða kona heims.

Önnur störf innan félagsins eða í þágu íþróttarinnar og/eða samfélagsins:

Sigga er svakalega dugleg að kynna Íþróttir fyrir fólk með fatlanir og hefur verið með kynningar ásamt systur sínum og undir handleiðslu ÍF.

Annað sem mætti koma fram um viðkomandi:

Stuttur texti um viðkomandi íþróttamann sem birtist opinberlega ásamt mynd (hámark 40 orð):

Sigríður Sigurjónsdóttir hefur alla tíð verið mikil fyrirmynd innan vallar sem utan á öllum mótum og æfingum sem hún hefur haldið. Hún er stöðugt að toppa sig bæði í frjálsum og í lyftingum. Á alþjóðlegu aflraunamóti lenti hún í öðru sæti yfir sterkustu konu heims.



Tilnefning til íþróttakonu Árborgar 2021

Nafn: Tinna Sigurrós Traustadóttir

Félag: Umf. Selfoss

Deild: Handknattleiksdeild



Íþróttarárangur á árinu 2021:

Tinna æfir og spilar handknattleik með Umf. Selfoss í Grill 66 deildinni þar sem liðið er í toppbaráttu og í miklum slag um að tryggja sér sæti í Olísdeild kvenna á næsta keppnistímabili. Tinna hefur verið í lykil hlutverki í liðinu.

Tinna var markahæsti leikmaður Selfoss á síðasta keppnistímabili, var valin sóknarmaður ársins ásamt því að vera valin besti leikmaður Selfoss á lokahófi deildarinnar síðastliðið sumar.

Landsliðsárangur á árinu 2021:

Tinna hefur verið að æfa og leika með u-17 og u-18 ára landsliði Íslands á árinu. Tók hún þátt í 3 verkefnum með sínu liði. Fyrst léku þær í ágúst í Litháen á EHF Championship þar sem stelpurnar tóku silfurverðlaun og Tinna Sigurrós var valin besta hægri skytta mótsins. Næst tóku við æfingaleikir gegn Danmörku í október sem leiknir voru í Danmörku. Síðasta verkefni ársins var svo undankeppni Evrópumótsins sem haldin var í Serbíu þar sem stelpurnar rétt misstu af sæti á EM eftir tap gegn Serbíu.

Önnur störf innan félagsins eða í þágu íþróttarinnar og/eða samfélagsins:

Tinna er gríðarlega metnaðarfull Íþróttakona sem er til fyrirmyndar á öllum sviðum. Hún leggur gríðarlega mikið á sig á hverjum degi til þess að ná sem lengst. Hún hefur háleit markmið sem hún ætlar sér að ná og hefur helgað sitt líf að því markmiði og er ungum sem öldnum mikil fyrirmynd. Tinna er einnig virk í sjálfbærðarstarfi deildarinnar eins og t.d. fjáröflunum, dómgæslu í yngri flokkum o.fl. Einnig er Tinna aðstoðarþjálfari hjá deildinni.

Annað sem mætti koma fram um viðkomandi:

Stuttur texti um viðkomandi íþróttamann sem birtist opinberlega ásamt mynd (hámark 40 orð):

Tinna er lykkileikmaður í liði Selfoss sem leikur í Grill-66 deildinni þar sem liðið er í baráttu um að vinna sér sæti í Olísdeildinni. Tók hún þátt í öllum landsliðsverkefnum ársins í sínum aldursflokk þar sem hennar lið var hársbreidd frá því að vinna sér sæti í A-keppni Evrópumótsins. Tinna hefur verið að stimpla sig inn sem einn efnilegasti leikmaður landsins.



Tilnefning til íþróttakarls Árborgar 2021

Nafn: Alexander Adam Kuc

Félag: UMFS Selfoss

Deild: Motocross



Íþróttarárangur á árinu 2021:

Íslandsmeistari í unglíngaflokk árið 2021, með fullt hús stiga eftir sumarið.

3. sæti í flokknum MX2

Landsliðsárangur á árinu 2021:

Var valin sem varamaður í landsliðið

Önnur störf innan félagsins eða í þágu íþróttarinnar og/eða samfélagsins:

Annað sem mætti koma fram um viðkomandi:

Alexander er mjög metnaðurfullur ungur drengur og leggur mikið á sig til að stunda sportið og æfingar að fullu krafti allt árið um kring.

Stuttur texti um viðkomandi íþróttamann sem birtist opinberlega ásamt mynd (hámark 40 orð):

Alexander Adam hefur tekið miklum framförum í sportinu undanfarin ár, hann keppti í tveimur flokkum árið 2021, hann vann unglíngaflokkinn með fullt hús stiga og lenti í 3ja sæti í flokknum MX2. Alexander var einnig valin sem varamaður í landsliðið.



Tilnefning til íþróttakarls Árborgar 2021

Nafn: Arnar Breki Grettisson

Félag: Skákfélag Selfoss og nágrennis SSON

Deild:



Íþróttarárangur á árinu 2021:

Hefur keppt á fjölda móti á árinu og má nefna Alþjóðlega geðheilbrigðismótið, Atskákmót SSON, Firmakeppni, Skákþing Garðabæjar, Suðurlandsmótið, Unglingameistaramót og fleira. Arnar hefur náð góðum árangir.

Landsliðsárangur á árinu 2021:

Önnur störf innan félagsins eða í þágu íþróttarinnar og/eða samfélagsins:

Tekur þátt í kennslu fyrir grunnskólanemendur á sunnudögum í Fischersetri

Æfingastjóri á mánudagsæfingum SSON

Er í stjórn SSON

Annað sem mætti koma fram um viðkomandi:

Mjög duglegur og hjálpfús þegar kemur að æfingum og kennslu fyrir börn og unglina.

Virkur í stjórn SSON

Stuttur texti um viðkomandi íþróttamann sem birtist opinberlega ásamt mynd (hámark 40 orð):

Arnar Breki hefur verið mjög virkur í skákstarfi árið 2021. Hann hefur mætt á fjölmörg skákmót og hefur tekið gríðarlega miklum framförum eins og sést á sést á mótalista hans á Chess Results.com. Hann er liðsmaður í b sveit SSON og hefur tekið þátt í mótum á vegum SSON á þessu ári. Elo stiga fjöldi hans kappskák er nú 1477 stig.



Tilnefning til íþróttakarls Árborgar 2021

Nafn: Arnór Bjarki Eypórsson

Félag: Körfuknattleiksfélag Selfoss



Íþróttarárangur á árinu 2021:

Var einn af lykkileikmönnum Selfoss sem náði í undanúrslit 1. deildar karla sl. vor og átti þar harðar rimmur um að leika til úrslita um sæti í Úrvalsdeild. Vegna frammistöðu sinnar í m.fl. var Arnór Bjarki valinn í U20 ára landsliðshóp Íslands og síðsumars hélt hann til Bandaríkjanna þar sem hann stundar nám og körfubolta á fullum skólastyrk hjá Toledo University í Ohio. Skólaliðið leikur í 1. deild NCAA í háskólaboltanum þar í landi.

Landsliðsárangur 2021:

Í úrvalshópi U20 ára landsliðs Íslands

Önnur störf innan félagsins eða í þágu íþróttarinnar og/eða samfélagsins:

Þjálfari hjá yngstu árgöngum stúlkna og drengja

Mjög virkur í sjálfbóðaliðastarfi innan félagsins.

Stuttur texti um viðkomandi íþróttamann sem birtist opinberlega ásamt mynd (hámark 40 orð):

Selfoss-Karfa er gríðarlega stolt af Arnóri, sem kemur úr yngriflokkastarfi félagsins, og hefur tekið miklum framförum síðustu árin. Arnór hefur sannarlega unnið fyrir þeim tækifærum sem opnast hafa, með dugnaði og staðfestu við æfingar, auk þess að þjálfa yngstu aldurshópana hjá félaginu. Hann er því ómetanleg fyrirmynd fyrir körfuboltakrakka sem stefna hátt og hafa það beinlínis fyrir augum sér dagsdaglega að leiðin frá Selfossi og út í heim er hvorki ófær né óendanlega löng.



Tilnefning til íþróttakarls Árborgar 2021

Nafn: Aron Emil Gunnarsson

Félag: Golfklúbbur Selfoss



Íþróttarárangur á árinu 2021:

- 1. sæti Tulip Challenge alþjóðlegt mót í Hollandi
- 1. sæti Meistaramót Golfklúbbs Selfoss
- 1. sæti WAGR Heimslistamótaröð
- 1. sæti Holukeppni Golfklúbbs Selfoss
- 3. sæti Íslandsmót unglunga
- 3. sæti Íslandsmót golfklúbba 1. deild
- 6. sæti GSÍ mótaröð
- Valin í landsliðshóp GSÍ 2021 og 2022

Hann er orðin mikilvægasti leikmaður GOS í Íslandsmóti golfklúbba en GOS náði sýnum besta árangri þegar liðið spilaði í 1.deild í sumar og náði 3.sætinu, Aron Emil sigraði alla sýna leiki í mótinu.

Landsliðsárangur á árinu 2021:

Aron Emil var valin A landsliðshóp Íslands fyrir árið 2021 og einnig var Aron valin í hópinn fyrir árið 2022

Stuttur texti um viðkomandi íþróttamann sem birtist opinberlega ásamt mynd (hámark 40 orð):

Aron Emil er einn af bestu kylfingum landsins, hann hefur stundað golf frá unga aldri og hefur náð frábærum árangri þrátt fyrir ungan aldur. Aron er mjög metnaðarfullur, kurteis og yfirvegaður kylfingur. Aron átti frábært ár og toppaði þegar hann sigraði í október á Tulip Challenge alþjóðlegu móti sem haldið var í Hollandi.



Tilnefning til íþróttakarls Árborgar 2021

Nafn: Árni Bárðarson

Félag: Íþróttafélagið Suðri

Deild:



Íþróttarárangur á árinu 2021:

Árni varð HSK meistari Suðra í golfi í haust.

Landsliðsárangur á árinu 2021:

Önnur störf innan félagsins eða í þágu íþróttarinnar og/eða samfélagsins:

Annað sem mætti koma fram um viðkomandi:

Árni var að æfa með hóp á vegum ÍF á skíði en því miður var sá hópur felldur niður.

Stuttur texti um viðkomandi íþróttamann sem birtist opinberlega ásamt mynd (hámark 40 orð):

Árni hefur stundað golfið frá upphafi, eftir að Suðri hóf æfingar á sumrin og hefur stórbætt sig á hverju ári. Hann mætir vel og er góð fyrirmynd innan sem utan vallar




Tilnefning til íþróttakarla Árborgar 2021

Nafn: Bjarki Breiðfjörð Björnsson

Félag: UMFS

Deild: Ólympískar lyftingar



Íþróttarárangur á árinu 2021:

Bjarki hefur bætt sig svakalega í samantlagðri þyngd, snörun og jafnhendingu alls 25 kg. Hann keppti í -73 kg flokki KK. Einnig sló hann nokkur ný Íslandsmet og á alls 4 Íslandsmet í dag. Hans besta frammistaða á móti eru 105 kg í snörun og 116 kg í jafnhendingu sem gerir 221 kg í samantlagðri þyngd

Landsliðsárangur á árinu 2021:

Bjarki varð Norðurlandameistari í Ólympískum lyftingum þegar hann keppti í Noregi sl. nóv. í flokki í -73 kg U-20 ára.

Önnur störf innan félagsins eða í þágu íþróttarinnar og/eða samfélagsins:

Annað sem mætti koma fram um viðkomandi:

Bjarki er gríðarlega flott fyrirmynd, hann keppti í motocross í nokkur ár, og var tilnefndur til íþróttamanns ársins umfs og Árborgar 2019 í þeirri íþrótt.

Stuttur texti um viðkomandi íþróttamann sem birtist opinberlega ásamt mynd (hámark 40 orð):

Bjarki er tvöfaldur Norðurlandameistari í -73 kg flokk KK í Ólympískum lyftingum. Hann hefur bætt sig um 25 kg í samantlagðri þyngd sl. ár. 105 kg í snörun og 116 kg í jafnhendingu er ansi gott hjá þessum efnilega lyftara. Í dag á hann 4 Íslandsmet og stefnir á að bæta enn meira við þau. Bjarki er kappsamur ungur og upprennandi íþróttamaður sem lætur ekkert stoppa sig.



Tilnefning til íþróttakarls Árborgar 2021

Nafn: Björn Jóel Björgvinsson

Félag: UMF Selfoss

Deild: Taekwondo deild



Íþróttarárangur á árinu 2021:

Íslandsmeistari í bardaga flokki Cadet þriðja árið í röð.

Landsliðsárangur á árinu 2021:

Var í landsliðinu. En það var engin sendur á mót erlendis vegna Covid 19 og deilna vegna landliðspjálfa í Bardaga við stjórn Taekwondo Sambands Íslands.

Önnur störf innan félagsins eða í þágu íþróttarinnar og/eða samfélagsins:

Björn Jóel er mjög virkur í starfi deildarinnar og er mjög efnilegur þjálfari er starfandi sem aðstoðarþjálfari hjá deildinni.

Annað sem mætti koma fram um viðkomandi:

Björn Jóel er mjög efnilegur bardagamaður og það verður mjög gaman að fylgjast með honum í framtíðinni.

Stuttur texti um viðkomandi íþróttamann sem birtist opinberlega ásamt mynd (hámark 40 orð):

Það er frábært fyrir deildina, að eiga svona frábæran Íþróttamann eins og Björn Jóel er. Hann mætir á allar æfingar og æfingarbúðir sem deildin tekur þátt í verður örugglega valin í Landsliðið þegar þau mál verða komin í lag aftur.



Tilnefning til íþróttakarls Árborgar 2021

Nafn: Dagur Jósefsson

Félag: Selfoss

Deild: Knattspyrnudeild Selfoss



Íþróttarárangur á árinu 2021:

Dagur Jósefsson er knattspyrnumaður Selfoss árið 2021. Dagur hóf ungur að árum að æfa með Selfoss og hefur undanfarin ár sannað sig sem frábær leikmaður. Er hann nú orðinn einn af efnilegri leikmönnum Íslands. Árið 2021 var frábært fyrir Dag, lið hans í 3. Flokki karla var bikarmeistari eftir frábæran sigur í vítaspyrnukeppni í úrslitaleiknum.

Landsliðsárangur á árinu 2021:

Árið 2021 var frábært fyrir Dag sem landsliðsmann, Dagur var valinn í verkefni með U15 ára liði Íslands og bar fyrirliðabandið í leik þeirra gegn Finnum.

Önnur störf innan félagsins eða í þágu íþróttarinnar og/eða samfélagsins:

Dagur er mikil fyrirmynd í fótboltanum á Selfossi, hann sýnir og sannar að Selfoss er góður staður til að vera á og að hér sé aðstoða með því besta sem gerist á landsvísu. Dagur æfir mikið aukalega á svæðinu ásamt því að aðstoða á mótum félagsins og í dómgæslu. Hann hefur ávallt verið félagi sínu til sóma innan sem utan vallar.

Annað sem mætti koma fram um viðkomandi:

Stuttur texti um viðkomandi íþróttamann sem birtist opinberlega ásamt mynd (hámark 40 orð): Dagur hóf ungur að árum að æfa með Selfoss og hefur undanfarin ár sannað sig sem frábær leikmaður. Er hann nú orðinn einn af efnilegri leikmönnum Íslands. Árið 2021 var frábært fyrir Dag, varð bikarmeistari með liði 3.flokks ásamt því að vera bera fyrirliðabandið í leik U15 ára liðs Íslands.



Tilnefning til íþróttakarls Árborgar 2021

Nafn: Daníel Breki Elvarsson

Félag: UMF Selfoss

Deild: Frjálsíþróttadeild



Íþróttarárangur á árinu 2021:

Daníel Breki Elvarsson átti frábært frjálsíþróttarár. Hann varð Íslandsmeistari í spjótkesti 15 ára auk þess að vinna til þriggja silfurverðlauna og þriggja bronsverðlauna á sama móti. Það sýnir vel hversu fjölhæfur hann er og hvað hann er tilbúinn að leggja sig mikið fram fyrir félagið. Hann bætti sig í 16 mismunandi keppnisgreinum og í sumum greinum stórbætti hann sinn fyrri árangur. Á lista frjálsíþróttasambandsins yfir bestu afrek ársins í flokki 15 ára er hann efstur í þremur greinum, langstökki, spjótkesti og 400m hlaupi. Hann er einnig í þremur öðrum greinum á topp 3 listanum. Á MÍ 15 –22 ára innanhúss varð hann Íslandsmeistari í þrístökki og vann að auki til þriggja bronsverðlauna. Í Bikarkeppni FRÍ, 15 ára og yngri, varð hann Bikarmeistari bæði í langstökki og spjótkesti og lagði inn mikilvæg stig í stigakeppninni en HSK varð Bikarmeistari 15 ára og yngri.

Landsliðsárangur á árinu 2021:

Daníel Breki keppti ekki fyrir íslenska landsliðið 2021 þar sem engin landsliðsverkefni eru fyrir hans aldur. Hann er hins vegar í úrvalshóp FRÍ sem skipaður er efnilegustu unglingum landsins. Það sýnir vel hversu fjölhæfur hann er að hann náði lágmarki í hópinn í 200m, langstökki og spjótkesti.

Önnur störf innan félagsins eða í þágu íþróttarinnar og/eða samfélagsins:

Daníel er alltaf boðinn og búinn til að hjálpa í kringum mótahald og önnur störf sem falla til hjá frjálsíþróttadeildinni ásamt því að sinna aðstoðarþjálfun hjá yngstu aldurshópunum. Hann er frábær fyrirmynd og kemur alltaf vel fram utan vallar og innan.

Annað sem mætti koma fram um viðkomandi:

Daníel Breki er gott dæmi um íþróttamann sem leggur sig alltaf 100% fram í öllum þeim verkefnum sem honum eru falin. Þessir eiginleikar sjást best á árangrinum og bætingunum.

Stuttur texti um viðkomandi íþróttamann sem birtist opinberlega ásamt mynd (hámark 40 orð):

Daníel Breki er ungur og fjölhæfur frjálsíþróttamaður sem náði mjög eftirtektarverðum árangri á árinu 2021. Hann er efstur á afrekslista FRÍ í sínum aldursflokki í þremur greinum og hann er einnig í Úrvalshópi FRÍ í þremur greinum. Hann er margfaldur verðlaunahafi og sópar að sér verðlaunum í flestum þeim greinum sem hann tekur þátt í.




Tilnefning til íþróttakarls Árborgar 2021

Nafn: Egill Blöndal

Félag: UMFS

Deild: Júðódeild



Íþróttarárangur á árinu 2021:

1.sæti Reykjavík International Games

1.sæti Íslandsmeistaramót -90kg. (Íslandsmeistari).

2.sæti Íslandsmeistaramót, opinn flokkur.

Valinn til að keppa fyrir Ísland á evrópumeistaramótinu í Lisabon.

Landsliðsárangur á árinu 2021:

Lítið vegna covid-19.

Önnur störf innan félagsins eða í þágu íþróttarinnar og/eða samfélagsins:

Tók 3.dan gráðu í júdó.

Þjálfar unglinga, fullorðna og meistaraflokk hjá Júðódeild UMFS.

Sér um samfélagsmiðla fyrir júðódeildinna.

Annað sem mætti koma fram um viðkomandi:

Stuttur texti um viðkomandi íþróttamann sem birtist opinberlega ásamt mynd (hámark 40 orð):

Egill Blöndal hefur staðið sig með prýði, enda einn af öflugustu júðómönnum á Íslandi. Hann er núverandi Íslandsmeistari Seniora í -90.kg. í júdó. Egill þjálfar unglinga, fullorðna og meistaraflokk. Egill er mikil fyrirmynd þeirra sem iðka íþróttina. Egill fylgir einnig keppendum deildarinnar erlendis á mót og æfingar.



Tilnefning til íþróttakarls Árborgar 2021

Nafn: Haukur Ingi Gunnarsson

Félag: Knattspyrnufélag Árborgar

Deild: Knattspyrna

Íþróttarárangur á árinu 2021:

Leikmaður ársins hjá Knattspyrnufélagi Árborgar



Önnur störf innan félagsins eða í þágu íþróttarinnar og/eða samfélagsins:

Haukur var fyrirmyndar leikmaður allt tímabilið og kraft mikill í öllum stöfum félagsins innan sem utan vallar.

Annað sem mætti koma fram um viðkomandi:

Samhliða fótboltanum í ár þá eignaðist Haukur dótturina Emilíu Lind með sambýliskonu sinni Lindu Guðmundsdóttur.

Stuttur texti um viðkomandi íþróttamann sem birtist opinberlega ásamt mynd (hámark 40 orð):

Haukur Ingi átti frábært ár og var hann valinn leikmaður ársins. Hann spila 15 leiki og skoraði í þeim 4 mörk. Við búumst við miklu af Hauk Inga á næsta tímabili og búast má við því að hann leiði liðið áfram í báráttunni uppúr 4.deild næsta sumar.



Tilnefning til íþróttakarls Árborgar 2021

Nafn: Hákon Þór Svavarsson

Félag: Skotíþróttafélag Suðurlands

Deild:



Íþróttarárangur á árinu 2021:

Keppti á 6 mótum innanlands. Vann fjögur þeirra og lenti í 2. Sæti í tveimur

Náði að skjóta Ólympíulágmark fimm sinnum og varð stigameistari hjá Skotíþróttasambandi Íslands.

Landsliðsárangur á árinu 2021:

Keppti á World cup á Lonato Ítalíu þar sem hann skaut 116 af 125 og endaði í 63 sæti af 120 keppendum.

Keppti einnig á Evrópumeistaramóti í Osijek, Króatíu og skaut 113 af 125 og endaði í 59 sæti.

Önnur störf innan félagsins eða í þágu íþróttarinnar og/eða samfélagsins:

Annað sem mætti koma fram um viðkomandi:

Stuttur texti um viðkomandi íþróttamann sem birtist opinberlega ásamt mynd (hámark 40 orð):

Hákon hefur verið einn besti skotmaður Íslands síðustu ár og keppt á fjölda móta innan- og utanlands.



Tilnefning til íþróttakarls Árborgar 2021

Nafn: Hergeir Grímsson

Félag: Umf. Selfoss

Deild: Handknattleiksdeild



Íþróttarárangur á árinu 2021:

Hergeir æfir og spilar handknattleik með Umf. Selfoss í Olísdeildinni sem miðjumaður og vinstri hornamaður. Hergeir er fyrirliði meistaraflokks karla sem endaði í 4. sæti Olísdeildarinnar í vor og spilaði í 8-liða úrslitum Íslandsmótsins. Einnig spilaði hann lykilhlutverk í Evrópuleikjum Selfoss í haust.

Hergeir er lykilmaður á báðum endum vallarins í sterku liði Selfoss.

Hergeir var markahæsti leikmaður Selfoss á síðasta keppnistímabili ásamt því að vera valinn sóknarmaður ársins á lokahófi deildarinnar síðastliðið sumar.

Landsliðsárangur á árinu 2021:

Hergeir tók ekki þátt í landsliðsverkefnum á árinu 2020.

Önnur störf innan félagsins eða í þágu íþróttarinnar og/eða samfélagsins:

Hergeir er metnaðarfullur íþróttamaður sem er til fyrirmyndar á öllum sviðum. Hann leggur mikið á sig á hverjum degi til þess að ná sem lengst. Hergeir er einnig virkur í sjálfboðaliðastarfi deildarinnar eins og t.d. fjáröflunum, dómgæslu í yngri flokkum o.fl. Einnig hefur Hergeir komið að þjálfun hjá deildinni.

Annað sem mætti koma fram um viðkomandi:

Stuttur texti um viðkomandi íþróttamann sem birtist opinberlega ásamt mynd (hámark 40 orð):

Hergeir er fyrirliði Selfoss í Olísdeild karla sem verið hefur í toppbaráttu síðastliðið ár. Hergeir hefur sannað sig sem einn besti leikmaður deildarinnar í sinni stöðu á báðum endum vallarins.



Tilnefning til íþróttakarls Árborgar 2021

Nafn: Sigursteinn Sumarliðason

Félag: Sleipnir

Deild: Hestaíþróttir



Íþróttarárangur á árinu 2021:

Besti tími hjá Sleipni í 100 m skeiði á Krókusi frá Dalbæ á tímanum 7,42 sekúndur.

Besti tími á Íslandi í 250 m skeiði á Krókusi frá Dalbæ á tímanum 21,44.

Sigurvegari í 150 m skeiði í meistaradeild hestaíþróttar einnig í 4. sæti sem einstaklingur í sömu keppni. Sigursteinn tók þátt í mörgum mótum í tölta fjórgangi og fimmgangi með góðum árangri. Sigursteinn var sigurvegari ársins í A flokki gæðinga hjá Sleipni Sigurvegari B flokki gæðinga hjá Sleipni og Gæðinga-knapi ársins hjá Sleipni.

Landsliðsárangur á árinu 2021:

Heimsmeistaramóti var aflýst 2021 vegna Covid en Sigursteinn er í landsliði Íslands í hestaíþróttum.

Önnur störf innan félagsins eða í þágu íþróttarinnar og/eða samfélagsins:

Sigursteinn er knapi sem hefur náð góðum árangri í mörgum ólíkum greinum hestaíþróttar og verið Sleipni til sóma. Hann á að baki Íslandsmeistaratitla og hefur náð í góða tíma í skeiði. Sigursteinn hefur átt góðu gengi að fagna, bæði í gæðinga og íþróttakeppni. Hann hefur einnig náð góðum árangri á kynbótabrautinni. Sigursteinn hefur orðið heimsmeistari í gæðingaskeiði, Íslandsmeistari og tvöfaldur Landsmótssigurvegari í tölta árin 2011 og 2012. Sigursteinn átti gott keppnisár 2020 í skeiðgreinum á hestinum Krókusi frá Dalbæ og á besta tíma ársins 2020 í heiminum í 250 m. skeiði. Sigursteinn er fyrsti knapi til að vinna bæði A og B flokk hjá félaginu á sama árinu.

Annað sem mætti koma fram um viðkomandi:

Stuttur texti um viðkomandi íþróttamann sem birtist opinberlega ásamt mynd (hámark 40 orð):

Sigursteinn er knapi sem hefur náð góðum árangri í mörgum ólíkum greinum hestaíþróttar og verið Sleipni til sóma. Hann á að baki Íslandsmeistaratitla og hefur náð í góða tíma í skeiði. Sigursteinn hefur átt góðu gengi að fagna, bæði í gæðinga og íþróttakeppni. Hann hefur einnig náð góðum árangri á kynbótabrautinni. Sigursteinn hefur orðið heimsmeistari í gæðingaskeiði, Íslandsmeistari og tvöfaldur Landsmótssigurvegari í tölta árin 2011 og 2012. Sigursteinn átti gott keppnisár 2020 í skeiðgreinum á hestinum Krókusi frá Dalbæ og á besta tíma ársins 2020 í heiminum í 250 m. skeiði.

Sigursteinn er fyrsti knapi til að vinna bæði A og B flokks skjöld félagsins á sama árinu, 2021.



Tilnefning til íþróttakarls Árborgar 2021

Nafn: Skúli Kristjánsson

Félag: Torfærklúbbur Suðurlands



Íþróttarárangur á árinu 2021:

Skúli er á sínu þriðja keppnisári og ekur bílnum Simba í Sérútbúna flokknum. Hann náði NEZ meistaratitlinum á sínu fyrsta ári sem ökumaður árið 2019 og í sumar vann hann Íslandsmeistaratitilinn með því að sigra þrjár af sex umferðum en hann tók þátt í þeim öllum. Hefur verið í toppbaráttu frá því hann byrjaði fyrir þremur árum í sérútbúna flokknum. Hann nældi sér að auki í nokkur tilþrífaverðlaun á árinu.

Landsliðsárangur 2021:

Önnur störf innan félagsins eða í þágu íþróttarinnar og/eða samfélagsins:

Skúli hefur verið duglegur að aðstoða aðra ökumenn við smíði á bílum og er alltaf tilbúinn að rétta fram hjálparhönd. Skúli ásamt liðinu sínu Simba hefur verið áberandi á keppnum og hefur verið duglegur að sinna áhugamönnum sem koma á keppnir að fylgjast með honum.

Stuttur texti um viðkomandi íþróttamann sem birtist opinberlega ásamt mynd (hámark 40 orð):

Skúli varð Íslandsmeistari núna á sínu þriðja keppnisári en hefur verið í kringum torfæru frá því að hann var krakki. Hann nældi sér að auki í nokkur tilþrífaverðlaun á árinu. Skúli hefur verið duglegur að aðstoða aðra ökumenn við smíði á bílum og er alltaf tilbúinn að rétta fram hjálparhönd.



Tilnefning til íþróttakarls Árborgar 2021

Nafn: Ævar Kári Eypórsson

Félag: Selfoss

Deild: Fimleikadeild Umf. Selfoss



Íþróttarárangur á árinu 2021:

- 1. sæti með 1. flokk mix á GK-mótinu
- 1. sæti með 1. flokk mix á Íslandsmóti
- 1. sæti með 1. flokk mix á Bikarmóti

Deildarmeistarar með 1. flokk mix yfir tímabilið

Landsliðsárangur á árinu 2021:

Komst í æfingahóp hjá blönduðu landsliði unglunga fyrir EM – var hárspreidd frá því að komast í lokahópin.

Önnur störf innan félagsins eða í þágu íþróttarinnar og/eða samfélagsins:

Annað sem mætti koma fram um viðkomandi:

Stuttur texti um viðkomandi íþróttamann sem birtist opinberlega ásamt mynd (hámark 40 orð):

Ævar Kári er fæddur 2005 og hefur æft fimleika hjá deildinni í mörg ár. Hann leggur sig vel fram á æfingum og uppsker eins og hann sáir. Hann hefur verið lykilmaður í sínu liði síðustu ár og var á þessu ári valinn í æfingahóp hjá blönduðu landsliði unglunga fyrir EM.